

Skjalasafn
VERÐBRÉFAÞING
ÍSLANDS HF

4/51
ISB V




Íslandsbanki-FBA hf.

Skráningarlýsing

**Víkjandi skuldabréf til eiginfjár
1. flokkur 2000**

Desember 2001



ÍSLANDBANKI

Útgefandi

Útgefandi

Íslandsbanki-FBA hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 560-8000, fax 560-8001, heimasíða www.isb.is.

Starfsemi

Samkvæmt 3. gr. samþykkt bankans er tilgangur félagsins fjármálaþjónusta. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt lögum samkvæmt sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.

Heimild og tilgangur

Bankaráð Íslandsbanka-FBA hf. samþykkti útgáfu víkjandi skuldabréfa til eigin fjár að fjárhæð allt að 1.000.000.000 kr. að nafnvirði á fundi sínum þann 13. september 2000. Tilgangur sölunnar var að uppfylla markmið bankans um fjármagnsskipan. Tilgangur skráningar er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin. Útgefanda er heimilt að gefa út önnur sambærileg víkjandi skuldabréf til eiginfjár.

Skráning og viðskiptavakt

Skráning

Verðbréfabæing Íslands (VÞÍ) hefur samþykkt að taka 1. flokk 2000 skuldabréf Íslandsbanka-FBA hf. með víkjandi ákvæði, sem lýst er í skráningarlýsingu þessari á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf að fjárhæð 880.000.000 kr. að nafnvirði skráð þann 27. desember 2001.

Umsjónaraðili og milliganga vegna skráningar

Íslandsbanki-FBA hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími: 560-8000, netfang www.isb.is.

Ábyrgð á skráningarlýsingu

Íslandsbanki-FBA hf. ábyrgist skráningarlýsingu þessa sem gerð er skv. 6. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Viðskiptavakt

Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

Sölufyrirkomulag

Söluaðili

Íslandsbanki-FBA hf.

Fyrirkomulag sölu

Skuldabréfin voru seld til stofnanafjárfesta í lokuðu útböð.

Sölutímabil

Skuldabréfin voru seld þann 29. desember 2000.

Sala og afhending

Skuldabréfin voru seld gegn staðgreiðslu og send í ábyrgðarpósti tveimur dögum eftir viðskiptin.

Skilmálar skuldabréfanna

Nafnvirð og lánstími

Þegar hafa verið gefnar út 880.000.000 kr. að nafnvirði en fyrirhugað er að flokkurinn verði allt að 1.000.000.000 kr. að nafnvirði Endurgreiðsla höfuðstóls skuldabréfanna er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, í fyrsta lagi þann 29. desember 2010 sem er 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfanna þann 29. desember 2000. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að eigið fé útgefanda eftir endurgreiðsluna sé viðunandi að mati eftirlitsins.

Uppgreiðsluheimild

Endurgreiðsla höfuðstóls skuldabréfanna er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, í fyrsta lagi þann 29. desember 2010 sem er 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfanna þann 29. desember 2000. Útgefanda er heimilt að innkalla upphaflegan höfuðstól skuldabréfanna, ásamt áföllnum vöxtum, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Slík innköllun er einungis heimil vegna a) breytinga á lögum, reglum eða framkvæmd skattlagningar útgefanda, hvernig sem slíkar breytingar eru til komnar, enda hafi slíkar breytingar áhrif á skattalega meðferð skuldarinnar og slík áhrif geta ekki talist óveruleg og b) ef skuld þessi getur ekki talist til eiginfjárbáttar A, sbr. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. og reglugerð nr. 852/2000.

Verðtrygging

Höfuðstóll skuldarinnar er bundinn vísitölu neysluverðs, sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12 frá 2. mars 1995, með grunnvísitölu í desember 2000 sem var 202,1 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á neysluvísitölu frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga vaxta og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga vaxta. Höfuðstóll skuldarinnar skal reiknaður út á hverjum gjalddaga áður en vextir og afborgun, ef við á, eru reiknuð út.

Vextir

Fyrstu 10 árin munu vextir skuldabréfanna nema 8,85% föstum ársvöxtum, sem jafngildir 3,35% álagi á 10 ára viðmiðunarflokk spariskírteina nú (RIKS 10 O115), og verða þeir greiddir þann 15. júní og 15. desember ár hvert, í fyrsta sinn þann 15. júní 2001. Fyrsti vaxtadagur var 29. desember 2000

Ad liðnum 10 árum frá útgáfu skuldabréfanna greiðast fastir vextir á hverju ári þaðan í frá, sem jafngilda munu ávöxtunarkröfu spariskírteina með 10 ára binditíma, eða öðrum þeim viðmiðunarflokki sem kann að hafa tekið við hlutverki spariskírteina og / eða hefur binditíma sem kemst næst því að vera 10 ár, að viðbættu $1,5 * \text{upphaflegt áhættuálag eða } 1,5 * 3,35\% = 5,025\%$. Vextir viðmiðunarflokksins sem þetta álag bætist ofan á skulu ákvarðaðir með þeim hætti að tekið er magnvegið meðaltal ávöxtunarkröfu í viðskiptum síðustu 5 viðskiptadagana fyrir umræddan vaxtaákvörðunardag, að því gefnu að viðskipti hafi náð a.m.k. 300 m.kr. Hafi viðskipti ekki náð 300 m.kr. á þessu tímabili skal miða við magnvegið meðaltal í viðskiptum síðustu 15 viðskiptadagana fyrir vaxtaákvörðunardag fyrsta vaxtafímabils. Vaxtaákvörðunardagur skal vera tveimur viðskiptadögum fyrir fyrsta vaxtadag fyrsta vaxtafímabils.

Vaxtagreiðslur

Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir á gjalddaga vaxta, enda séu lágmarks eiginfjárröfufur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna. Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða árabili, í heild eða að hluta, safnast þær ekki upp.

Arðgreiðslur

Útgefandi mun ekki greiða arð eða aðrar greiðslur til hluthafa félagsins né aðrar skuldbindingar til þriðja aðila sem eru jafn rétt háar eða réttlægri en skuld þessi, nema næstlíðnar tvær vaxtagreiðslur skuldar þessarar séu í skilum og skulu jafnrétt háar greiðslur þá greiddar í réttu hlutfalli, pro rata, við skuld þessa.

Niðurfærsla höfuðstóls

Unnt er á hverjum tíma að færa niður höfuðstól skuldabréfanna, ásamt áföllnum ógreiddum vöxtum, til að mæta rekstrartapi hjá útgefanda, enda sé undanfari slíkrar niðurfærslu að eigið fé útgefanda hafi farið niður fyrir kröfur um lágmark eigin fjár eins og þær eru á hverjum tíma og niðurfærslan framkvæmd til að forða slitum á félaginu. Niðurfærður hluti höfuðstóls ber ekki vexti. Niðurfærsla samkvæmt þessu skal fara fram áður en aðrar rétt hærrí kröfur á hendur útgefanda eru afskrifaðar vegna slíkra aðstæðna og í réttu hlutfalli, pro rata, við sambærilegar kröfur.

Niðurfærsla höfuðstóls og vaxta samkvæmt þessu telst ekki vanefnd á skuld þessari.

Þar til niðurfærðum höfuðstól hefur verið umbreytt á ný í skuld þessa eða þar til hann hefur verið efndur, sem og aðrar jafnrétt háar skuldbindingar, og slíkar efndir samþykktar af Fjármálaeftirlitinu, mun útgefandi ekki greiða arð né aðrar greiðslur til hluthafa, nema slíkt sé gert á grundvelli rétt hærrí krafna við gjaldþrot eða slit eða vegna úthlutunar eigna við samruna lögum samkvæmt. Greiðslur til hluthafa eru þó heimilar enda sé tryggt samhliða að i) hlutafé, lögbundnir varasjóðir og annað óráðstafað eigið fé lækki ekki eftir að slíkar greiðslur hafa verið inntar af hendi og ii) slíkar greiðslur hafi engin neikvæð áhrif á réttindi kröfuhafa samkvæmt skuld þessari.

Uppfylli útgefandi kröfur um lágmarks eigið fé á nýjan leik, samkvæmt nýjasta efnahagsreikningi, skal færa niðurfærðan höfuðstól til fyrra horfs að hluta eða öllu leyti. Slík umbreyting skal framkvæmd í sambærilegri rétt hæð við aðrar kröfur og í sömu hlutföllum og notuð skulu við niðurfærslu.

Ef útgefandi umbreytir niðurfærslu höfuðstóls til fyrra horfs samkvæmt þessu, skal heildarnafnverði niðurfærðrar fjárhæðar umbreytt á ný í skuld þessa, á niðurfærsluverði, ásamt vöxtum sem hefðu verið greiddir á niðurfærða fjárhæð, sem hún hefði ekki verið niðurfærð, frá dagsetningu niðurfærslunnar.

Frá og með þeim degi sem niðurfærðri fjárhæð er umbreytt á ný í skuld þessa, skal hún lúta skilmálum skuldar þessarar að öðru leyti, þar á meðal heimild til endurtekinnar niðurfærslu skuldarinnar.

Birting tilkynninga

Ákvarðanir um greiðslu höfuðstóls, niðurfærslu og innköllun skulu birtar opinberlega í a.m.k. einu dagblaði, með 14 daga fyrirvara.

Einingar og auðkenni

Einingar skuldabréfanna eru 50.000.000 kr. og 10.000.000. Alls hafa verið gefin út 20 bréf. Einingar að fjárhæð 50.000.000 kr. sem gefin hafa verið út eru númeruð frá 1 til og með 17. Einingar að fjárhæð 10.000.000 kr. sem gefin hafa verið út eru númeruð frá 19 til og með 21. Ef fleiri bréf verða gefin út þá mun bréf númer 18 verða að fjárhæð 50.000.000 kr. og bréf frá 22 til 28 að fjárhæð 10.000.000 kr. Auðkenni skuldabréfanna er ISB 00 1 og ISIN númer IS0000006435.

Útgáfudagur

29. desember 2000.

Ávöxtunarkrafa

Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 8,85% og sölugengi 101,242.

Andvirði að frádegnum kostnaði

Andvirði skuldabréfaútbóðsins að frádegnum kostnaði var 890.900.000 kr.

Tryggingar og réttindi

Íslandsbanki-FBA hf. ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna. Skuldabréfin eru víkjandi og ótryggð. Við gjaldþrot eða slit á útgefanda víkur krafa samkvæmt skuldabréfunum, að meðtöldum kröfum vegna niðurfærslu eigin fjár, samkvæmt skilmálum skuldabréfanna, fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda en endurgreiðslu hlutfjár. Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

Greiðslustaður

Greiðslustaður er í Íslandsbanka-FBA hf., nema öðrum aðila verði falið skuldabréfið til innheimtu.

Viðtökudráttur og vanskil

Verði greiðslu viljað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Niðurfærsla höfuðstóls og vaxta teljast ekki vanefndir samkvæmt skilmálum skuldabréfanna.

Framsali

Engar hömlur eru á framsali skuldabréfanna. Heimilt er að framselja skuldabréfið til nafngreinds aðila. Við eigendaskipti skal framsal til nýs eiganda skráð með nafni, kennitölu, og heimilisfangi, auk kaupverðs og framsalsdags. Ef röð framsala er gölluð verður skuldabréfið ekki innleyst nema handhafi færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

Fyrning

Skuldabréfakrafa fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14 frá 1905. Vextir skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga.

Skattar

Skattaleg meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Íslandsbanka-FBA hf. ber skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð, samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema eigandi skuldabréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 113/1996.

Ágreiningur

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar**Upplýsingar og gögn**

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Íslandsbanka-FBA hf., Kirkjusandi, 3. hæð, 155 Reykjavík.